

**Nd.**

**1018. Breytingartillögur**

[335. mál]

við frv. til laga um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr.

1. 1. tl. orðist svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 100 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 g.kr. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. 3. tl. falli niður.